

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
0.50.2	GTSÓ	- 4. OKT. 2017
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SFP	St. A	1709115

Til sveitarstjórna

Reykjavík, 29. september 2017

Tilvísun ÞÍ: 2017091496/4.2

Um meðferð kjörskrárstofna vegna alþingiskosninga 28. október 2017

Með bréfi þessu berast sveitarstjórnnum 3 eintök af kjörskrárstofni vegna alþingiskosninganna sem verða haldnar þann 28. október 2017.

I. Kosningaréttur

Kjörskrá er gerð samkvæmt lögum nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis¹ með síðari breytingum (kosningalög) og eiga allir þeir kosningarétt sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- eru íslenskir ríkisborgarar,
- eru orðnir 18 ára þegar kosning fer fram
- eru skráðir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi fimm vikum fyrir kjördag (23. september 2017)
- íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis en eiga kosningarétt samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 24/2000 með síðari breytingum.

Vakin er athygli á því að með breytingu á lögum um kosningar til Alþingis hefur íslenskum ríkisborgurum, sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár og sem sóttu ekki um að verða teknir á kjörskrá fyrir 1. desember 2016, verið gert kleift að kjósa í komandi alþingiskosningum. Umsókn íslensks ríkisborgara um að vera tekinn á kjörskrá á grundvelli þessarar heimildar þarf að hafa borist Þjóðskrá Íslands í síðasta lagi þriðjudaginn 11. október 2017.

II. Kjörskrárstofnar

Sveitarstjórnir sjá um að kjörskrár séu gerðar en Þjóðskrá Íslands gefur út prentútgáfu kjörskrárstofna til afnota fyrir sveitarstjórnir. Á hverri blaðsíðu prentútgáfu kjörskrárstofnsins koma fram upplýsingar um kjördæmi, heiti sveitarfélags, kjörstað og kjördeild (hafi þær upplýsingar verið skráðar í kjördeildarkerfinu), auk blaðsíðunúmers innan sveitarfélags og raðnúmers kjósanda. Skjaldarmerki Íslands er staðsett efst í hægra horni hverrar blaðsíðu og er svartlitað, gráir rastar afmarka leslinur og heimilisföng eru feitletruð.

¹ Sjá nánar lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og bráðabirgðaákvæði um breytingu á þeim lögum nr. 91/2016.



Á kjörskrárstofni koma fram eftirtaldar upplýsingar um kjósendur:

- nafn,
- lögheimili,
- kyn
- kennitala.

Hægra megin við kennitölu kjósenda eru tveir dálkar, þar sem setja skal krossmerki er kjósendur neyta atkvæðisréttar á kjördegi. Skulu krossmerki við nöfn karla sett í dálkinn með fyrirsögninni “Ka”, en krossmerki við nöfn kvenna í dálkinn með fyrirsögninni “Ko”. Á þetta að auðvelda talningu karl- og kvenkjósenda, en þeir skulu gefnir upp, hvor í sínu lagi, í skýrslu þeirri, sem hver undirkjörstjórn gerir um kosninguna. Eyðublöð fyrir þá skýrslu fá undirkjörstjórnir frá yfirkjörstjórn ásamt öðrum kosningagögnum. Þegar nær dregur mun Þjóðskrá Íslands senda sveitarfélögum samantekt á fjölda kjósenda í kjördeildum eftir kyni til að auðvelda talningar á kjördegi. Í dálkinn með fyrirsögninni „Erl.“ er ríkisfang kjósenda forskráð ef það er annað en íslenskt.

Vakin er athygli á því að hafi sveitarfélag notað kjördeildarkerfi Þjóðskrár Íslands við röðun heimilisfanga í kjördeildir og kjörstaði, þá prentast kjörskráin eftir röð kjörstaða og kjördeilda. Þannig er fremst að finna kjörstað nr. 1 og tilheyrandi kjördeildir, því næst kjörstað nr. 2 og kjördeildir tilheyrandi þeim kjörstað og svo koll af kolli. Hafi sveitarfélag ekki notað kjördeildarkerfið þá er röðun í kjörskrá eftir stafrófsröð götu- eða bæjarheitis. Á kjörskrárstofn í hverju sveitarfélagi raðast fremst þeir sem búsettir hafa verið erlendis lengur en 8 ár og síðan þeir sem búið hafa erlendis skemur en 8 ár, nema búið sé að raða þeim í ákveðna kjördeild. Hvorum hópnum um sig er raðað eftir stafrófsröð. Þar á eftir raðast þeir einstaklingar sem skráðir eru óstaðsettir í hús í sveitarfélaginu, einnig í stafrófsröð.

III. Erlendir ríkisborgarar

Erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarrétt og eru því ekki á kjörskrárstofninum. Eina undantekningin eru danskir ríkisborgarar, sem hafa kosningarrétt samkvæmt lögum nr. 85/1946, þ.e. þeir, sem voru búsettir á Íslandi 6. mars 1946 eða einhvern tíma á síðustu 10 árum fyrir þann tíma.

IV. Íslendingar búsettir erlendis með kosningarrétt

a. Erlendis búsettir skemur en 8 ár

Íslenskir ríkisborgarar, sem flutt hafa lögheimili sitt til útlanda eftir 1. desember 2008 og náð hafa 18 ára aldri á kjördag, eiga kosningarrétt samkvæmt a-lið 2. mgr. 1. gr. kosningalaga. Þessir einstaklingar eru teknir á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu síðast skráð lögheimili, sbr. b-lið 1. mgr. 23. gr. kosningalaga.



b. Erlendis búsettir lengur en 8 ár

Íslenskir ríkisborgarar, sem flutt hafa lögheimili sitt til útlanda fyrir 1. desember 2008, þurfa skv. b-lið 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 24/2000 með síðari breytingum, að sækja um til Þjóðskrár Íslands að verða teknir á kjörskrá.

Með hliðsjón framlengdum fresti Íslendinga sem hafa verið búsettir erlendis lengur en 8 ár, þarf að hafa í huga að þeir einstaklingar sem sækja um að verða teknir á kjörskrá á tímabilinu 23. september – 10. október munu **ekki** verða skráðir í prentútgáfu kjörskrárstofna né mun nafn þeirra koma upp við uppflettingu á „Hvar á ég að kjósa?“ á Ísland.is og á kosningavef dómsmálaráðuneytisins. Þjóðskrá Íslands mun tilkynna viðkomandi sveitarstjórnnum um það sérstaklega þegar bæta þarf kjósanda á kjörskrá samkvæmt þessu sbr. nánar V. kafla.

V. Leiðrétting sveitarstjórna á kjörskrá

Sveitarstjórnir sjá um að leiðrétta kjörskrárstofna eftir því sem tilefni er til. Helstu ástæður sem geta leitt til breytinga á kjörskrá samkvæmt þessu eru öflun eða missir ríkisfangs, andlát einstaklings, mistök við skráningu lögheimilis einstaklings eða því um líkt.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Leiðréttingu má gera fram á kjördag, en óheimilt er að gera breytingar ef tilkynning um lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá Íslands í tæka tíð fyrir viðmiðunardag, 23. september 2017. Þannig skal ekki gera breytingar á skránni hafi einstaklingur flust til innan sveitarfélags eða milli sveitarfélaga eftir þann dag. Vakin er athygli á að óheimilt er að breyta kjörskrá ef íslenskur ríkisborgari, sem búsettur hefur verið erlendis frá því fyrir 1. desember 2008, hefur ekki sótt um til Þjóðskrár Íslands fyrir **11. október 2017** um að verða tekinn á kjörskrá.

Sveitarstjórn skal einnig fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eða eftir atvikum misst íslenskt ríkisfang. Þjóðskrá Íslands sendir sveitarfélögunum slíkar upplýsingar er berast stofnuninni til skráningar á tímabilinu frá viðmiðunardegi fram að kjördegi.

Leiðrétti sveitarstjórn kjörskrá, samkvæmt 27. gr. kosningalaga, skal hún þegar tilkynna það hlutaðeigandi, svo og sveitarstjórn er mál getur varðað, sbr. 28. gr. laganna.

a. Niðurfelling einstaklinga af skránni

Strika skal með bleki yfir línu (nafn og persónuupplýsingar) allra þeirra, sem sveitarstjórn fellir af kjörskrá vegna leiðréttingar, sbr. 27. gr. kosningalaga, og um leið gefa til kynna með skammstöfun framan við hlutaðeigandi nafn, hver sé ástæða útstrikunar. Útstrikunum og skammstöfun þeirra skal haga sem hér segir:

1. Skammstöfun: “**†**” (krossmerki): Einstaklingur á skránni er látinn.
2. Skammstöfun: “**e. ísl.**”: Einstaklingur á skránni er ekki íslenskur ríkisborgari.

3. Skammstöfun: “**mist.**”: Mistök við samningu kjörskrár.

b. Einstaklingar sem bætast á skrána

Einstaklingar sem bætast á skrána vegna leiðréttingar, sbr. 27. gr. kosningalaga, ritast milli lína meðal íbúa viðkomandi húss. Ekki er gert ráð fyrir að sérstök viðbótareyðublöð þurfi til leiðréttinga. Viðbótum og skammstöfun þeirra skal haga sem hér segir:

1. Skammstöfun: “**mist.**”: Mistök við samningu kjörskrár.
2. Skammstöfun: “**ísl.**”: Einstaklingur hefur öðlast íslenskt ríkisfang.
3. Skammstöfun: “**jafn.dan.**”: Einstaklingur er “jafnréttisdani”.

VI. Framlagning kjörskrár


Þegar sveitarstjórn hefur lokið yfirferð sinni um kjörskrárstofninn og samningu kjörskrár er þar með lokið, skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 24. gr. kosningalaga, og lögð fram. Nægilegt er að staðfest endurrit sé lagt fram, sbr. 3. mgr. 26. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. kosningalaga skulu kjörskrár lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 18. október 2017. Kjörskrá skal liggja frammi á skrifstofu sveitarfélags eða öðrum hentugum stað á almennum skrifstofutíma til kjördags.

VII. Önnur atriði

Öll kjörskráreintök, sem tekin eru í notkun, skulu fá sömu meðferð að því er varðar leiðréttingar og áritanir.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Astríður Jóhannesdóttir

Sviðsstjóri

Afrit:

Sent öllum sveitarstjórnnum